

Stefnandi hefur algjörlega andmælt frávísunarkröfunni og krafizt málskostnaðar sér til handa fyrir þenna þátt málsins.

Fallizt verður á, að kröfugerð stefnanda er ekki eins ljós og æskilegt væri. Ekki kemur glögg fram, hvað átt er við með orðunum: „fullnaðaruppgjör á félaginu og eignum þess“. Ekki er heldur ljóst, hvað felst í orðunum „og verði Helga Benediktssyni greiddur út“ o. s. frv. Ef til vill er tilætlunin aðeins að setja fram kröfu um viðurkenningu á greiðsluskyldu, en sá skilningur liggur þó beinna við, eins og umboðsmaður stefnda bendir á, að krafizt sé, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda sameignarhluti hans og samkvæmt uppgjöri, er færi fram eftir dómsuppsögu. En slík kröfugerð getur ekki náð fram að ganga samkvæmt þeim reglum, er fram koma í 4. mgr. 193. gr. einkamálalaganna. Með tilvísun til þess, er nú hefur verið tekið fram, verður að telja, að varakrafan sé ekki dómhæf, og ber því að vísa henni frá réttinum.

Ákvörðun um málskostnað verður tekin, er dómur gengur í málinu.

Atriðisorð:

Ofangreindri kröfu stefnanda vísast frá réttinum.

Mánudaginn 18. nóvember 1957.

Nr. 118/1957. **Ákærvaldið** (Hermann Jónsson hrl.)

gegn

Ingólfi Stefánssyni (Tómas Jónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Línal.

Vanræksla að færa varning á skipsforðalista.

Dómur Hæstaréttar.

Vanræksla ákærða á að gefa tollgæzlumönnum skýrslu um umræddar vörur varðar við 30. gr. reglugerðar nr. 123/1938 og 42. gr. laga nr. 68/1956, eins og lýst er í héraðsdómi, og þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdómsins að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Ingólfur Stefánsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónssonar og Tómasar Jónssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. maí 1957.

Ár 1957, miðvikudaginn 29. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1690/1957: Ákærvaldið gegn Ingólfi Stefánssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað gegn Ingólfi Stefánssyni skipstjóra, til heimilis á Sundlaugavegi 24 hér í bæ. Er hann með ákæruskjali, dags. 3. maí s.l., ákærður fyrir að hafa flutt hingað til lands með b/v Skúla Magnússyni, sem hingað kom frá útlöndum hinn 21. nóv. 1956, 500 kg af smjöri í 10 tunnum, 203 kg af smjörlíki, 5 kassa (125 flöskur) af hindberjasaft og 20 kassa (960 dósir) af dósamjólk, án þess að gefa varning þenna upp við tollverði, er leit var gerð í skipinu, og án þess að varningur þessi væri tilgreindur á farmskrá eða skipsforðaskrá, en varningurinn var keyptur í Esbjerg í Danmörku og var geymdur undir útgerðarvörum í lest skipsins.

Telst brot þetta aðallega varða við 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 1. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 84. gr. reglugerðar nr. 123/1938 um tollheimtu og tolleftirlit, en til vara við 42. gr. nefndra laga, 1. tl., og síðustu málsgrein 30. gr. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 1. mgr. 84. gr. og 93. gr. nefndrar reglugerðar.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og að framangreindur varningur verði gerður upptækur samkvæmt 4. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956, sbr. 2. mgr. 84. gr. reglugerðar nr. 123/1938, svo og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er fæddur 17. ágúst 1915 í Berunesi í Fáskrúðsfjarðar-arhreppi. Hefur hann sætt ákærum og refsingum, sem hér segir:

Í Reykjavík:

1939 15/1 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og árás.
1941 26/4 — 25 — sekt fyrir ölvun og vanskil á ökugjaldi.
1945 3/2 — 350 — sekt fyrir smygl á silfurvarningi.

Nokkrir silfurmunir gerðir upptækir.

Málavextir eru þessir:

Ákærði var skipstjóri á b/v Skúla Magnússyni, er skipið kom hingað til Reykjavíkur frá útlöndum þann 21. nóvember 1956. Við leit, er tollgæzlumenn gerðu á skipinu, fannst í lest skipsins, undir veiðarfærum, varningur, sem ekki hafði verið færður á skrár né sagt til á annan hátt. Varningur þessi var 10 tunnur smjör (500 kg), 203 kg smjörlíki, 5 kassar með saft og 20 kassar með dósamjólk. Tollgæzlumenn tóku varning þenna í sínar vörzlur.

Við rannsókn málsins upplýstist þetta:

Bæjarútgerð Reykjavíkur er eigandi b/v Skúla Magnússonar. Skipið kom til Esbjerg í Danmörku þann 28. október 1956 með fisk, er þar var skipað í land. Bæjarútgerð Reykjavíkur hafði sent út pöntun á vistum fyrir b/v Skúla Magnússon. Fyrirtæki það í Esbjerg, Th. Thygesen, sem bæjarútgerðin skipti við, sá um að koma pöntuninni um borð í b/v Skúla Magnússon. Ákærði kvittaði fyrir móttöku vistanna á reikning, sem lagður hefur verið fram í málinu. Reikningur þessi er dagsettur 1. nóvember 1956. Vistirnar voru settar í tvær fremstu stúur lestarinnar. Þar fann tollgæzlan þær, sem fyrr segir.

B/v Skúli Magnússon fór frá Esbjerg þann 1. nóvember s.l. til Cuxhaven í Þýskalandi, þar sem fram fór á skipinu viðgerð, er tók nokkurn tíma. Skipið tók saltfarm í Cuxhaven. Auk þess voru keyptar útgerðarvörur, svo sem netakúlur og þess háttar, er settar voru í þrjár fremstu stúur lestarinnar og því ofan á matvælin, sem keypt voru í Esbjerg.

Matsveinn skipsins, Guðmundur Hallgrímsson, útbjó svonefndan skipsforðalista yfir vistir skipsins til afhendingar tollgæzlumönnum. Hann skýrði frá því, að hann hefði ekki vitað um matvæli þau, er látin voru í lest skipsins og mál þetta er risið

af. Skipsforðalistinn tók því aðeins til þeirra matarbirgða, er voru í búri skipsins. Skipstjórinn, ákærði í máli þessu, reit nafn sitt undir listann, án þess að aðgæta, hvort allt væri til tínt, er á listanum átti að vera. Þess vegna voru matvælin í lestinni ekki talin fram við tollafgreiðslu skipsins.

Vitnin Sigurður Jónsson og Þorbjörn Árnason tollverðir framkvæmdu tolleit í skipinu. Þeir fundu matvælin í lestinni. Sigurður Jónsson taldi ekki staðinn felustað. Það væri algengt, að togarar, er kæmu frá útlöndum, hefðu matvæli í fremstu stíum lestanna, en í Danmörku væri hagkvæmast að gera matar kaup.

Þorbjörn Árnason skýrði og frá því, að það væri alvanalegt, að matvæli væru geymd fremst í lestum togara, er kæmu frá útlöndum. Þrátt fyrir það hallaðist vitni þetta að því, að matvælin hefðu verið falin, því að bæði var það, að þau voru óuppgefin á aðkomuskram og auk þess undir veiðarfærum.

Ákærði staðhæfði, að það hefði ekki verið ætlunin að skjóta varningi þessum undan tollafgreiðslu, heldur væri aðeins aðgæzluleysi um að kenna, að matvælin voru ekki færð á tollskýrslur.

Tollgæzlan virti matvæli þessi til tollverðs. Samtals nam tollverðið kr. 9755.00. Lögum samkvæmt mega aðkomuskip nota skipsforða sinn án greiðslu aðflutningsgjalda, meðan þau dveljast hér við land. Það kom fram í málinu, að magn vista þeirra, er voru í lest b/v Skúla Magnússonar, væri ekki það mikið, að það gæti vakið sérstakar grunsemdir. Smjörneyzla togaraáhafnar getur numið um 100—200 kg á mánuði. Þegar togarar veiða í salt, sem kallað er, getur úthaldstíminn orðið allt að tveimur mánuðum eða jafnvel meir.

Þegar horft er til þess, að varningur sá, sem hér um ræðir, er allur þeirrar tegundar, sem alvanalegt er að nota um borð í skipum, að magn varningsins er ekki það mikið, að það veiti sérstakt tilefni til grunsemda, að varningurinn fannst á þeim stað, sem algengt er, að matvæli séu geymd, að matsveinninn, sem útbjó skipsforðalistann, segist ekki hafa vitað um hann, og loks að ákærði staðhæfir, að ekki hafi verið ætlun sín að skjóta varningnum undan tollafgreiðslu, þá verður eigi gegn neitun ákærða talið nægilega sannað, að fyrir liggi þau innri skilyrði, sem þurfa að vera fyrir hendi, til þess að ákærða verði dæmt áfall fyrir brot á 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit. Ber því að sýkna ákærða af þessum lið ákærunnar.

Samkvæmt 3. mgr. 30. gr. reglugerðar nr. 123/1938 um tollheimtu og tolleftirlit ber skipstjóra að sjá um, að nauðsynjavistir skips séu skráðar á skipsforðalista, sbr. 1. tl. 30. gr. reglugerðarinnar. Telst vanræksla á þessu brot af hálfu skipstjóra.

Eins og fyrr greinir, var varningur sá, sem mál þetta reis af, eigi færður á skipsforðalistann. Með þessari vanrækslu sinni hefur ákærði því brotið gegn 3. mgr. 30. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og 42. gr. laga nr. 68/1956, sbr. 2. másl. 2. mgr. 22. gr. sömu laga.

Tilvitnun ákæruskjals í 2. mgr. 41. gr. reglugerðar nr. 123/1938 á ekki við í þessu sambandi, þar eð greinin tekur til varnings, sem á að setja á vöruskrár, þ. e. varnings, sem á að skipa á land, en ekki til skipsnauðsynja.

Með hliðsjón af verðmæti varningsins, sem mál þetta er sprott-ið af, og samkvæmt 42. gr. laga nr. 68/1956 og 93. gr. reglugerðar nr. 123/1938 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 2.500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Það er upplýst í málinu, að Bæjarútgerð Reykjavíkur, eigandi b/v Skúla Magnússonar, er eigandi umræddra matvæla. Ákærði sem skipstjóri b/v Skúla Magnússonar er því samkvæmt stöðu-umboði sínu fyrirsvarsmaður útgerðarinnar varðandi kröfu ákæruvaldsins um upptöku matvælananna.

Sem fyrr greinir, var ákærði sýknaður af ákærunni um brot á 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956. Það leiðir til þess, að lagaheimild brestur til að gera umræddan varning upptækan til ríkissjóðs, því að ákvæðum 4. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 um upptöku verður því aðeins beitt, að fyrir hendi séu eitt-hvert þeirra skilyrða, er þar eru talin upp og nánar greinir í 1., 2. og 3. mgr. 38. gr. laganna.

Samkvæmt þessu ber því að sýkna ákærða af ákærunni um upptöku matvælananna.

Ákærða ber því að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Valgarðs Briems hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 1500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Stefánsson, greiði kr. 2500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sýknaður af ákærinni um upptöku framan- greinds varnings.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls- varnarlaun skipaðs verjanda síns, Valgarðs Briems hdl., að upphæð kr. 1500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. nóvember 1957.

Nr. 117/1956. **Guðmundur Tryggvason**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Jarðakaupasjóði ríkisins og ríkissjóði

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn hér fyrir dómi, hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1956. Krefst áfrýjandi þess aðallega, að stefndu verði dæmt að bæta in solidum tjón vegna missis jarðhita þess, sem frá var skilinn við afsalsgerð 7. september 1949, er áfrýj- anda var seld jörðin Kollafjörður í Kjalarneshreppi. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefnda Jarðakaupasjóði ríkis- ins verði dæmt skylt að endurgreiða andvirði nefndrar jarð- ar að rétttri tiltölu við það, sem hin undanskildu verðmæti teljast mikill hluti heildarverðmætis jarðarinnar á fyrr- greindum afsalsdegi. Þá krefst áfrýjandi þess, aðallega að stefndu verði dæmt að greiða in solidum málskostnað í hér- aði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknar- mál, en til vara, að hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu, að fráskildum talsmannslaunum, er dæmd verði úr ríkissjóði.